

## Hversvegna hlýða kaþólskir kennivaldi Páfa?

Kaþólskir trúa á „eina heilaga Kaþólska kirkju,” sem lýtur kennivaldi Páfa eins og boðað er í Biblíunni varðandi fyrsta páfann, Pétur postula, og segir einnig fyrir um í hinni postullegu Trúarjátningu, sem postularnir sömdu og skráð er í Didache. (Í Didache, sem ritað var á tímabilinu 65 til 80 e. Kr. má fræðast um kenningar postulanna tólf. Didache veitir innsæi og þekkingu á hefðum frumkirkjunnar þar á meðal hinu Allrahelgasta Altarissakramenti. Ritið var í miklum hávegum haft meðal Kirkjufeðranna). Eins og að ofan greinir, þá rekur Kaþólska kirkjan uppruna sinn, kennivald og sögu til þeirrar kirkju sem Jesús Kristur stofnaði og laut forustu Péturs, fyrirlíða postulanna: „Og ég segi þér: Þú ert Pétur, kletturinn, og á þessum kletti mun ég byggja kirkju mína, og máttur heljar mun ekki á henni sigrast. Ég mun fá þér lykla himnaríkis, og hvað sem þú bindur á jörðu, mun bundið á himnum, og hvað sem þú leysir á jörðu, mun leyst á himnum.” ( Mt 16:18-20). Arftakar Péturs eru titlaðir Páfar og eiga sér óslitna skráða sögu frá Pétri postula og fram á þennan dag. Pétur postuli, sem tilnefndur var fyrirlíði postulanna af Kristi sjálfum, þ.e. fyrsti páfinn, tilnefndi sjálfur sinn eftirmann Linus, sem við dauða Péturs ríkti frá árinu 67-76 og síðan voru páfar tilnefndir af fyrirrennurum sínum í samráði við biskupa og koll af kolli fram á þennan dag. Og þótt fáein missætti hafi komið upp varðandi páfakjör í rás aldanna, þá leystist ávallt farsællega úr að lokum. Nær allir páfar fram á 4. öld dóu píslarvættisdauða fyrir trú sína líkt og síðasti kaþólski biskup Íslendinga, Jón Arason.

Hið ósýnilega höfuð kaþólsku kirkjunnar er Jesús Kristur sjálfur, en hinn sýnilegi, jarðneski staðgengill Hans er Páfinn, að fyrirmynd Péturs postula. Biskupar Kaþólsku kirkjunnar þjóna sem staðgenglar postulanna, og prestarnir starfa sem lærisveinar vígðir af biskupum kirkjunnar líkt og lærisveinar postulanna. Allir þjónar kirkjunnar ásamt söfnuði sínum mynda eina eind, Kaþólska kirkju, eins og hún var tilgreind frá upphafi sem sú alþjóðlega kirkja sem Kristur bauð að fara út um allan heim og kenna öllum þjóðum.

Kennivald Páfans grundvallast á kenningum Krists, bæði munnlegum, eins og títt var í frumkirkjunni, en einnig skriflegum heimildum Biblíunnar. Biblían er, eins og titillinn gefur til kynna, samsafn bóka, hún er heildarútgáfa helgra rita, sem kaþólska kirkjan taldi óvæfengjanlega innblásna af Heilögum Anda og staðfesti á kirkjuþinginu í Karpagóborg árið 397 undir forsæti Páfa. Sem jarðneskur staðgengill Jesú Krists, líkt og Pétur fyrsti Páfinn, hefur Páfinn m.a. vald til þess að skilgreina og lögfesta innan kirkjunnar trúaratriði, sem voru almennt viðtekin í frumkirkjunni. Sem dæmi má nefna: að María er Móðir Guðs, full náðar og því syndlaus, en þetta trúaratriði var skilgreint á kirkjuþinginu í Efesus árið 431.

Í ljósi þess að Páfinn er hirðir allrar kirkjunnar, var hið óskekula kennsluvald Hans, sem varðar ákvarðanir sem snerta trú og siðgæði, lögfest á fyrsta Vatikanþinginu árið 1870. Öllum kaþólskum er hins vegar ljóst að sem maður er Páfinn ekki alltaf óskekull, heldur aðeins í því tilfalli þegar hann í nafni allrar kirkjunnar mælir „ex cathedra,“ úr stóli Péturs, undir handleiðslu Heilags anda. Aðeins einu sinni hefur slíku ex cathedra valdi verið beitt og þá í samráði við biskupa, en það var kenningin um uppnumningu Maríu árið 1950. Kaþólskir hlýða kennivaldi Páfa þar sem kennsluvald hans felur í sér að Páfi, í krafti síns embættis, lýtur vilja Drottins og vísar því rétta leið þrátt fyrir eigin ófullkomleika. Til staðfestingar á að tilskipun Páfa, hvað varðar þá kenningu að trú og siðgæði, sé vernduð af Heilögum Anda, má benda á að aldrei í sögu kirkjunnar hefur Páfi kennt í andstöðu við þá viðteknu trú og það siðgæði, sem Kristur sjálfur boðaði, þótt þeir sjálfir, í stöku tilvikum, hafi verið breyskir menn og sumir hverjir villst af vegi í persónulegum gjörðum.

-----

Dr. Gígja Gísladóttir: Trúvörn